

ÞJÓÐ2BR05

Frumkvöðlafræði

Undanfarar: Einn áfangi í þjóðhagfræði

Stutt lýsing:

Áhersla er lögð á virka þátttöku nemenda sem meðal annars felst í því að stofna, reka og loka fyrirtæki sem byggir á eigin nýsköpunarhugmynd/viðskiptahugmynd. Farið er í grunnatriði sem hafa verður í huga þegar viðskiptahugmynd er komið á framfæri. Lögð er áhersla á hópavinnu og að viðskiptahugmynd hópsins sé raunhæf. Nemendur koma sér saman um eina hugmynd (vöru eða þjónustu) og þurfa að fjármagna hana, framleiða, markaðssetja og selja. Áhersla er lögð á samvinnu atvinnulífs og skóla. Fyrirtækin taka þátt í fyrirtækjasmíðjunni sem er á vegum JA Iceland. Fyrirtækin eru hluti af keppni milli framhaldsskóla landsins um góðar viðskiptahugmyndir.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ferli frá hugmynd til markaðssetningar
- ferli við að stofna og reka lítið fyrirtæki
- mikilvægi góðrar stjórnunar og markmiðasetningu
- mikilvægi góðrar viðskiptaáætlunar
- fjármögnun fyrirtækja

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja sér raunhæf markmið
- gera viðskiptaáætlun
- vinna sjálfstætt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta skilgreint þörf og unnið að lausn frá hugmynd til afurðar
- koma auga á tækifæri til nýsköpunar
- þróa nýsköpunarhugmynd í samvinnu við aðra